

Alþingi
Erindi nr. P 122/142
komudagur 20.11.197

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
b/t Hafdís Ólafsdóttir, nefndarritari.

Reykjavík 19. nóvember 1997.

Efni: Frumvarp um rafræna eignaskráningu verðbréfa.

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að láta álit sitt í ljós á fyrirleggjandi frumvarpi um rafræna eignaskráningu verðbréfa (149. mál).

Verslunarráð Íslands hefur um langt skeið hvatt til þess að rafræn skráning verðbréfa eigi sér stað og bent á að slíkt feli í sér hagkvæmni og aukið öryggi. Verslunarráðið styður meginatriði fyrirleggjandi frumvarps enda var við samningu þess tekið tillit til ýmissa athugasemda ráðsins. Ráðið vill þó gera nokkrar athugasemdir sem fylgja hér á eftir.

12. gr.

Skv. 3. tl. 1. mgr. 12. gr. getur ráðherra með reglugerð tekið ákvarðanir um heimildir verðbréfamiðstöðvar til gjalddóku fyrir umsýslu með rafréf og skráningu í tengslum við þau. Ákvæði þetta er ekki rökstutt frekar í greinargerð. Telja verður óeðlilegt og skref aftur á bak ef ráðherra ætlar að stjórna verðlagningu á þjónustu einkafyrirtækja. Slíkt ákvæði þarfnast því sérstaks og ítarlegs rökstuðnings. Þar sem slíkum rökstuðningi er ekki til að dreifa telur Verslunarráðið eðlilegra að viðkomandi fyrirtæki ráði sjálf verðlagningu á sinni þjónustu. Er í því sambandi rétt að benda á að ákvæði samkeppnislaga eiga að veita næga vörn gegn hugsanlegri misnóttun.

Því er lagt til:

3. tl. 1. mgr. 12. gr. falli brott.

14. gr.

2. mgr. ákvæðisins hefst á orðinu "jafnframt" sem er í málfarslegu ósamræmi við 1. mgr. 1. mgr. kveður á um að óheimilt sé að láta upplýsingar af hendi en 2. mgr. kveður á um að upplýsingagjöf sé heimil. Eðlilegra væri að upphaf 2. mgr. væri svohljóðandi:

"Verðbréfamiðstöð er hemilt"

19. gr.

Rétt er að benda á að skv. almennum viðskiptabréfareglum er talið að koma megi að mótbárum ef um fölsun, meiriháttar nauðung eða lögræðisskort er að ræða. Sams konar efnisreglu er að finna í 2. mgr. 33. gr. þinglýsingarlaga. Skv. 19. gr. frumvarpsins er ekki gert ráð fyrir lögræðisskortum sem mótbárum. Til að gæta samræmis við hinn hefðbundna viðskiptabréfarétt er ástæða til þess að lokaorð 19. gr. hljóði svo:
“...nauðung, fölsun eða lögræðisskort”.

Samsvarandi breytingu þarf að gera á **lokaorðum 20. gr.** Varðandi þetta efni má einnig vísa til þess sem segir um gerninga ólögráða manns í 2. mli. 2. mgr. 20. gr.

25. gr.

Í 6. mgr. er ráðherra heimilað að setja reglur um greiðslu kostnaðar fyrir meðferð kærumsáls og birtingu úrskurða. Þar sem kæra til kærunefndar er forsenda þess að mál verði borin undir almenna dómstóla verður að gæta mikillar varúðar við að skattleggja aðgang að réttlætinu. Jafnframt er rétt að benda á það að heimild þessi er stílbrot frá því sem tíðkast innan stjórnáslunnar. Almenn er ekki gert ráð fyrir því að menn greiði fyrir að leita eftir niðurstöðum sérstakra úrskurðaraðila s.s. Umboðsmanns Alþingis, Ríkistollanefnd, Ríkisskattanefnd, Samkeppnisráðs eða Kærunefnd útboðsmála. Ef taka á upp slíka heimild væri rétt að samræmis væri gætt hjá löggjafanum og æskilegast væri að Alþingi ákveddi sjálft hóflega upphæð.

Því er lagt til:

2. mli. 6. mgr. 25. gr. falli brott.

Skaðabætur

Nokkrar almennar athugasemdir verður að gera við kaflann um skaðabætur. Í fyrsta lagi mun það veikja réttarstöðu bótaþola að þeir beri sönnunarbyrði fyrir því að afmarka hvort tjón hafi orðið vegna atvika sem varða verðbréfamiðstöð eða reikningsstofnun. Leiði slík afmörkunarkrafa til þess að menn nái ekki fram bótum mun slíkt veikja tiltrú á rafrænni skráningu verðbréfa. Telja verður í betra samræmi við réttaröryggi almennings og almennar reglur skaðabótaréttar, m.a. því hvaða aðilar eiga auðveldara með að afla sönnunar, að verðbréfamiðstöð og reikningsstofnanir bæru sameiginlega ábyrgð gagnvart tjónþola í þeim tilvikum þegar ljóst er að tjón megi rekja til annars hvors aðilans þó svo að ekki takist að sanna á fullnægjandi hátt hvor er hinn eiginlegi tjónvaldur. Rétt er að taka fram að orð lagatextans, lesin með hliðsjón af almennum skaðabótareglum, virðast ekki útiloka sameiginlega ábyrgð, en það gera hins vegar orð greinargerðar á mjög afdráttarlausan hátt. Telja verður mikilvægt að þetta liggja skýrt fyrir.

Því er lagt til að ný málsgrein bætist við 30. gr. og verði 1. mgr. og hljóði svo:

“Þegar tjón má rekja til starfsemi verðbréfamiðstöðvar eða reikningsstofnunar, sbr. 28. og 29. gr., en ekki liggur ljóst fyrir frá hvorum aðila tjónið stafar, er heimilt að stefna þeim sameiginlega (in solidum) til greiðslu skaðabóta. Um endurkröfu á milli stefndu fer skv. almennum reglum”.

Aðrar málsgreinar færast aftur.

Í öðru lagi er í 30. gr. sett ákvæði um hámarksbótafjárhæð vegna bótaskylds tjóns sem rekja má til sömu mistaka. Ljóst er að ein mistök í hinum rafræna verðbréfaheimi geta valdið verulegu tjóni og snert hagsmuni fjölda aðila. Þó ekki sé lagst gegn hámarksákvæði sem slíku þá er full ástæða til þess að velta því upp **hvort að umrædd bótaupphæð sé of lág einkum ef litið er til heildarveltu á Verðbréfaþingi Íslands**. Slíkt hámark á bótagreiðslur verður að rökstyðja mun betur, einkum upphæðina.

Í sambandi við hámarksgreiðslu heildarbóta væri rétt að taka fram hvernig á að skipta slíkri hámarksgreiðslu milli tjónþola sem allir hafa orðið fyrir tjóni af völdum sömu mistaka (væntanlega hlutfallslega miðað við heildartjón).

31. gr.

Í frumvarpi sem lagt var fyrir Alþingi sl. vor var að finna 2. mgr. við 31. gr. þar sem gert var ráð fyrir því að þeir aðilar sem sættu eftirliti greiddu kostnað af því. Verslunarráð mótmælti þessu og er ákvæðið ekki að finna í frumvarpinu. Hins vegar hefur láðst að aðlaga greinargerð að þessari breytingu. Er vakin athygli á þessu.

32. gr.

Í 32. gr. er að finna ónákvæma endurtekningu á 53. gr. laga um verðbréfavíðskipti. Ónákvæmnin veldur því að valdsvið bankæftirlitsins til matskenndra ákvarðana er aukið. Því er fengið það hlutverk að meta jákvæða eiginleika í starfsemi reikningsstofnana s.s. hvort háttsemi þeirra sé "eðlileg", "traust" eða "heilbrigð" og getur beitt viðurlögum telji eftirlitið svo ekki vera. Telja verður að þessar heimildir séu of rúmar með tilliti til almennra réttaröryggissjónarmiða og með hliðsjón af þeim lagareglum sem gilda varðandi aðra fjármálastarfsemi. Eftirlitisaðili á einungis að grípa inn í rekstur ef háttsemi rekstraraðila er farin að hafa neikvæð áhrif, þ.e. sé "óeðlileg", "ótraust" eða "óheilbrigð". Lagt er til að þessu verði breytt til samræmis við ákvæði 53. gr. laga um verðbréfavíðskipti og hjóði svo: **".....að háttsemi reikningsstofnana sé að öðru leyti óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust er því heimilt að svipta hlutaðeiganda aðila rétti....."**.

Virðingarfyllt
f.h. Verslunarráðs Íslands,

Jónas Fr. Jónsson, hdl.
aðstoðarframkvæmdastjóri.